

Hverfisráð Hríseyjar

101. fundur.

Fimmtudaginn 9. júní máí kl. 16.05 var 101. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein.

Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Pétur Ásgeir Steinþórsson og Claudia Werdecker
Aldursforseti er Þorgeir Jónsson og er hann fundarstjóri þangað til kosinn er formaður.

Dagskrá:

1. **Stjórn skiptir með sér verkum.**

Formaður: Þorgeir Jónsson.

Varaformaður: Pétur Ásgeir Steinþórsson.

Ritari og meðstjórnandi: Claudia Werdecker.

2. **Framkvæmdir á svæði.**

Núverandi tilboð fyrir hellulagningu við grillin er óskýrt. Þarf að fá skýrara tilboð í verkið (fast tilboð) svo hægt verði að koma framkvæmdum af stað. Hverfisráðið ætlar að skoða teikningar.

3. **Önnur mál.**

Húsnæðismál vegna björgunarsveitar, slökkvibíls oþh. Hverfisráðið óskar eftir því að skoðað verði að byggja á milli húsanna sem nýtt eru í dag. Vegna þess að mögulega er hægt að nýta Salthúsið í aðra atvinnu uppbyggingu (sbr. Verkefnið Brothættar byggðir). Því annað húsnæði er ekki til staðar í eyjunni.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17.05

Þorgeir Jónsson
Pétur Ásgeir Steinþórsson
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker.